

ADALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2017, mánudaginn 3. apríl var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2016.

Fundurinn var haldinn á efri hæð Iðnós við Vonarstræti í Reykjavík og hófst kl. 12:45.

Þessi sátu fundinn: Stefán Eiríksson, borgarritari fyrir Reykjavíkurborg, Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Gunnlaugur A. Júlíusson, sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon, Áslaug M. Friðriksdóttir, Valdís Eyjólfsdóttir og Sigríður Rut Júlíusdóttir. Einnig Bjarni Bjarnason forstjóri, Bryndís María Leifsdóttir forstöðumaður reikningshalds OR, Guðmundur I. Bergþórsson, innri endurskoðandi OR, og Guðný Guðmundsdóttir, lögg. endurskoðandi frá KPMG.

Þetta gerðist:

Ákveðið að fundarstjóri yrði Elín Smáradóttir og Eiríkur Hjálmarsson fundarritari. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

1. Formaður stjórnar, Brynhildur Davíðsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og lagði fram Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2016.
Bæjarstjórinn á Akranesi hvatti félagið til áframhaldandi dáða á sviði jafnréttismála og sagði ánægjulegt hversu Planið hefði gengið vel eftir. Borgarritari tók undir og vísaði til bókonar undir lið 3.
2. Umhverfisskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur 2016 lögð fram.
3. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur 2016 lagður fram til staðfestingar. Reikningurinn var samþykktur, undirritaður af stjórn og forstjóra og áritaður af endurskoðendum á fundi stjórnar 7. mars 2016.

Reikningurinn staðfestur.

Borgarritari óskaði bókað:

„Sú gjörbreytta staða sem nú blasir við í rekstri OR og samstæðunnar undirstrikar þann mikla árangur sem starfsmenn, stjórnendur og stjórn OR hafa náð á undanförunum árum. Snemma árs 2011 var sett í gang áætlun sem fól í sér nauðsynlega uppstokkun á rekstri og hlutverki OR. Planið gekk upp eins og fyrirbyggjandi ársreikningur ber með sér. Það er ástæða til að þakka starfsfólki, stjórnendum og stjórn OR fyrir einstaklega vel unnin störf á liðnum árum sem skilaði þessum magnaða árangri.“

Kjartan Magnússon tók undir þakkir til starfsmanna og stjórnenda fyrirtækisins.

Bjarni Bjarnason sagði það sem einkennt hafi síðastliðin ár sé hversu eigendur hafi staðið þétt við bakið á fyrirtækinu og markað því eigendastefnu, sem reynst hafi fyrirtækinu einstaklega vel; stjórnendum þess og starfsmönnum öllum.

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 750 milljónir króna. Tillagan er háð því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu.

Gylfi Magnússon gerði grein fyrir tillögunni og vísaði til bókonar meirihluta stjórnar á fundi stjórnar 3. apríl 2017.

Kjartan Magnússon gerði grein fyrir andstöðu sinni við tillöguna og las upp svohljóðandi bókun:

„Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur hafa sett arðgreiðsluskilyrði fyrir félagið þar sem m.a. kemur fram að veltufjárhlutfall skuli vera yfir 1,0. Samkvæmt fyrirbyggjandi ársreikningi fyrirtækisins er veltufjárhlutfallið undir þessum mörkum eða 0,8. Þegar aðalfundur tekur ákvörðun um arðgreiðslu er augljóst að miða ber við síðasta ársreikning enda er arður ávallt greiddur af hagnaði síðasta árs, þ.e. 2016, og það sem félagið kann að eiga í lausum sjóðum í lok þess. Samkvæmt verkferli fjármála, ber að athuga stöðu arðgreiðslumælikvarða þegar ársreikningur fyrirtækisins liggur fyrir og er því ljóst að miða ber við ársreikninginn í þessu sambandi. Samkvæmt verkferlum stjórnar Orkuveitunnar við ákvörðun um útgreiðslu arðs segir að áður en tillaga um arðgreiðslu liggi fyrir, skuli stjórn óska eftir umsögn um arðgreiðslu hjá Áhætturáði Orkuveitu Reykjavíkur. Slík umsögn liggur ekki fyrir og er því um að ræða skýrt brot á umræddum verkferlum. Í umræddum verkferlum er einnig kveðið á um að áður en tillaga um arðgreiðslu er lögð fyrir aðalfund skuli eigendur rýna hana og samþykka á viðkomandi sveitarstjórnarfundum. Þessum ákvæðum verkferla hefur heldur ekki verið fullnægt.

Það er því mjög óeðlilegt að aðalfundur Orkuveitunnar samþykki nú tillögu um arðgreiðslu vegna ársins 2016 þegar mikilvægu arðgreiðsluskilyrði, sem eigendur félagsins hafa sett því, hefur ekki verið fullnægt auk þess sem skráðir verkferlar hafa verið þverbrotnir við afgreiðslu málsins. Tillagan var unnin í miklum flýti eins og meðferð málsins ber með sér og eru slík vinnubrögð óviðunandi í ljósi mikilvægis þess.

Gerð er alvarleg athugasemd við þau vinnubrögð að innri endurskoðandi Orkuveitunnar, sem er stjórn m.a. til ráðgjafar varðandi vinnubrögð og verkferla, var ekki boðaður á stjórnarfundum fyrirtækisins, sem fram fóru 31. marz og 3. apríl, þar sem umrædd arðgreiðsla og skilyrði fyrir þeim, voru tekin til umfjöllunar og afgreiðslu.“

Valdís Eyjólfsdóttir gerði grein fyrir hjásetu hennar á stjórnarfundum 3. apríl 2017.

Sveitarstjóri Borgarbyggðar sagðist hafa átt samtalið við áheyrnarfulltrúa Borgarbyggðar í stjórn OR og vildi koma á framfæri ástæðum hjásetu sinnar á fundinum.

Borgarritari vísaði til þeirra skilyrða sem í tillögunni sjálfri felast og að þau eigi að tryggja að varkárni sé gætt.

Bæjarstjóri Akraness sagðist þeirrar skoðunar að OR eigi að greiða arð og fagnaði því að komið væri að þeim tímamörkum. Vísaði hann til að mikilvægt væri að tillagan sé háð því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu.

Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar OR, vísaði til bókunar fylgjandi samþykkt stjórnar OR 3. apríl 2017.

Tillagan var samþykkt.

Sveitarstjóri Borgarbyggðar situr hjá.

5. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, að fenginni tillögu starfskjaranefndar, um þóknun stjórnarmanna:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við aðalfund að stjórnarlaun ársins 2016 verði kr. 159.865 á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 44.762 á fund.

Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2017 kr. 159.865 á mánuði fyrir aðalmann og tvöföld sú fjárhæð fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 44.762 á fund.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, formaður starfskjaranefndar stjórnar OR, gerði grein fyrir tillögunni.

Borgarritari þakkaði greinargerðina og óskaði formanni starfskjaranefndar til hamingju með afmæli hennar.

Samþykkt.

6. Kjöri stjórnar lýst.

Borgarstjóri óskaði bókað:

Á fundi borgarstjórnar þann 19. apríl 2016 var samþykkt að Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Kjartan Magnússon og Áslaug Friðriksdóttir tækju sæti í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og að Auður Hermannsdóttir, Margrét Björnsdóttir, Páll Gestsson, Marta Guðjónsdóttir og Halldór Halldórsson tækju sæti sem varamenn í stjórninni. Einnig var samþykkt að Brynhildur Davíðsdóttir yrði formaður stjórnarinnar og Gylfi Magnússon varaformaður.

Borgarstjórn mun kjósa að nýju í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur á fundi sínum 4. apríl nk. Samkvæmt tillögu sem liggur fyrir fundinum er gert ráð fyrir að sömu aðilar og eru nefndir hér að framan muni áfram sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Fulltrúar Akraneskaupstaðar.

Aðalmaður:

Rakel Óskarsdóttir.

Varamaður:

Ólafur Adolffson.

Áheyrnarfulltrúa Borgarbyggðar.

Aðalmaður:

Björn Bjarki Þorsteinsson.

Varamaður:

Ragnar Frank Kristjánsson.

Fundurinn þakkaði Valdísi störf í þágu stjórnar OR og fyrirtækisins með lófataki. Undir það tóku bæjarstjórinn á Akranesi, sveitarstjórinn í Borgarbyggð og Kjartan Magnússon

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga stjórnar, um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2017 en jafnframt að efnt verði til útboðs á endurskoðunarþjónustu vegna ársins 2018.

Samþykkt.

8. Önnur mál.

Sunginn var afmælissöngur til heiðurs Sigríði Rut Júlíusdóttur.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 13:15.

Sævar Freyr Þráinsson

Gunnlaugur A. Júlíusson

Stefán Eiríksson